

REGLUGERÐ

um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó.

1. gr.

Reglugerð þessi varðar eingöngu lagnetaveiðar á silungi í sjó.

2. gr.

Lagnet skal leggja innan netlaga og skal lengd þess ekki vera meiri en 50 metrar. Netið skal leggja þvert á fjöru og skal dýpt nets ekki fara yfir 2,5 metra.

3. gr.

Óheimilt er að mynda gildru með staurum, grjóti eða öðrum föstum búnaði, en heimilt er að festa net í beina línu á stangir og fergja blýlínu svo net veiði við botn, enda séu endar netsins vel merktir með baujum. Útendi nets skal vera tryggilega festur í stjóra eða á stöng. Ekki er heimilt að setja lykku í stjóra eða annan búnað við útenda nets sem nota mætti til að draga net frá eða að landi.

4. gr.

Lagnet skal eigi vera smáriðnara en svo að 3,0 sm séu milli hnúta (6,0 sm riðill) þegar net eru vot. Netið skal hins vegar eigi vera stórriðnara en svo að 4,0 sm (leyfilegt frávik +/- 0,2 sm) séu milli hnúta (8,0 sm riðill) og notað sé einfalt girmi, sem fari ekki yfir 0,4 mm að þykkt.

5. gr.

Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 metrar eftir endilangri strönd. Mæla skal lengd nets frá útenda þess í bakka. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets ásamt leiðara. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds sem net liggur.

6. gr.

Net, sem ætlað er til veiða á göngusilungi, skal merkt í báða enda með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis, sem hefur umræddan veiðirétt. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann geta framvísað leyfi landeiganda til veiðanna og merkja netið með nafni og heimilisfangi sínu.

7. gr.

Í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, er óheimilt að stunda netaveiðar á silungi í netlögum sjávarjarða frá kl. 22.00 á föstudagskvöldi til kl. 10.00 á þriðjudagsmorgni. Um annan friðunartíma fer samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

8. gr.

Um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 402/2012, um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. apríl 2013.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Sigríður Norðmann.